

Annáll efnahags- og peningamála

Mars 2007

Hinn 29. mars var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Apríl 2007

Hinn 11. apríl lækkaði alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investor Service lánsþæfiseinkunnir Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. í kjölfar endurskoðunar á nýrri aðferðafræði Moody's, JDA (e. Joint Default Analysis). Einkunnir bankanna fyrir langtímaskuldbindingar voru lækkaðar úr Aaa í Aa3. Einkunnir fyrir skammtímaskuldbindingar eru sem fyrr P-1 og C fyrir fjárhagslegan styrkleika bankanna þriggja.

Hinn 20. apríl veitti Fjármálaeftirlitið Saga Capital fjárfestingarbanka hf. starfsleyfi sem lánaþyrntæki (fjárfestingarbanka).

Maí 2007

Hinn 3. maí var gengið frá sölu ríkisins á 15,2% eignarhlut þess í Hita-veitu Suðurnesja til Geysir Green Energy ehf. fyrir 7,6 ma.kr.

Hinn 16. maí var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Hinn 16. maí lauk yfirtökutilboði Glitnis banka hf. í alla útgefna og útistandandi hluti og kauprétti í FIM Group Corporation í Finnlandi. Heildarhlutafjáreign Glitnis í FIM var eftir það 98,28%. FIM varð hluti af samstæðureikningi bankans hinn 1. apríl 2007.

Hinn 22. maí tilkynnti Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf. um kaup á meirihluta í finnska bankanum eQ Corporation og yfirtökutilboð í allt eftirstandandi hlutafé og kauprétti. Samanlagt virði kaupanna og tilboðsins er 260 milljónir evra.

Dagana 31. maí til 11. júní heimsótti sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum Ísland og kynnti sér stöðu efnahagsmála á fundum með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs. Álit sendinefndarinnar var birt á heimasíðum Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hinn 11. júní.

Júní 2007

Hinn 6. júní tilkynnti japanska matsfyrirtækið Rating and Investment Information (R&I) að það hefði veitt Kaupþingi banka hf. lánsþæfiseinkunnina A+. Þetta er í fyrsta skipti sem matsfyrirtækið veitir íslenskum banka lánsþæfiseinkunn. Horfur um breytingar á matinu eru stöðugar.

Hinn 6. júní birti japanska matsfyrirtækið R&I fyrsta lánsþæfismat sitt á íslenska ríkinu og gaf því einkunnina AA+ sem gildir fyrir skuldbindingar í erlendri mynt. Horfurnar voru sagðar stöðugar. Matið fór fram í tengslum við formlegt umbeðið mat fyrirtækisins á lánsþæfi Kaupþings banka hf.

Hinn 13. júní var á Alþingi kjörið nýtt bankaráð að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26 gr. laga nr. 36 frá 22. maí 2001, um Seðlabanka Íslands. Aðalmenn eru: Halldór Blöndal, Erna Gísladóttir, Ragnar Arnalds, Hannes Hólmsteinn Gissurarson, Jón Sigurðsson, Jónas Hallgrímsson og Jón Þór Sturluson. Varamenn eru: Halla Tómasdóttir, Birgir Þór Runólfsson, Tryggvi Friðjónsson, Sigríður Finsen, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Ingibjörg Ingvadóttir og Valgerður Bjarnadóttir. Á fyrsta fundi bankaráðsins var Halldór Blöndal kjörinn formaður og Jón Sigurðsson varaformaður.

Hinn 13. júní var samþykkt breyting á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Samkvæmt henni eiga atvinnutekjur lífeyrisþega, 70 ára og eldri, ekki að skerða lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun. Breytingin er talin kosta ríkissjóð 6-700 m.kr. á ári.

Hinn 21. júní tóku gildi nýjar reglur um viðskipti fjármálafyrirtækja við Seðlabanka Íslands. Einkum var um tæknilegar breytingar að ræða en endurskoðunin fól meðal annars í sér tvær breytingar sem ástæða er til að nefna. Ákveðið var að breyta heitinu á fyrirgreiðslu Seðlabankans sem stýrivextirnir gilda um. Endurhverf verðbréfaviðskipti heita nú lán gegn veði því að í reynd var ekki um endurhverf verðbréfaviðskipti að ræða. Hin breytingin snéri að framsetningu stýrivaxta. Seðlabankinn hefur tilkynnt stýrivexti sína sem ávöxtun á ári en ekki sem nafnvexti. Ákveðið var að framvegis verði allir vextir Seðlabankans settir fram og tilkynntir sem nafnvextir.